



## Reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks í Húnaþingi vestra

Reglur þessar eru settar skv. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Einnig er stuðst við leiðbeiningar félagsmálaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

### 1. gr.

#### Réttur til akstursþjónustu og inntak hennar

Húnaþing vestra veitir fötluðu fólki með lögheimili í sveitarfélaginu kost á akstursþjónustu í samræmi við það almenna markmið laga að skapa fötluðu fólki skilyrði til að lifa sem eðlilegustu lífi miðað við getu hvers og eins og jafna aðstöðumun sem kann að vera til staðar milli fatlaðs fólks og ófatlaðs við aðgengi að almenningsfarartækjum. Tryggja skal að fötlun einstaklinga komi ekki í veg fyrir að þeir geti stundað atvinnu, nám og/eða notið tólmstunda og afþreyingar. Þá er átt við atvinnu, nám og/eða tólmstundir sem hinn fatlaði einstaklingur hefur valið sér. Jafnframt skal fatlað fólk eiga rétt á akstursþjónustu vegna aksturs á þjónustustofnanir og vegna annarrar þjónustu sem það nýtur samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

### 2. gr.

#### Notendur þjónustunnar

Umsækjandi um akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum skal uppfylla eitt eða feiri eftirfarandi skilyrði:

- a) Er hreyfihamlaður og þarf að nota hjólastól
- b) Er blindur og getur ekki nýtt sér önnur farartæki
- c) Er ófær um að nota almenningsfarartæki vegna annarrar langvarandi fötlunar. Með almenningsfarartæki er átt við Strætó, skólabil eða annan sambærilegan skipulagðan akstur.

Hafi umsækjandi fengið styrk frá TR eða öðrum stofnunum til bifreiðakaupa á hann ekki rétt á þjónustu skv. þessum reglum.

Skilyrði fyrir þjónustu er að notandi eigi allra jafna ekki rétt á niðurgreiddri akstursþjónustu frá öðrum aðilum eða rétt á akstri skv. öðrum lögum, reglugerðum eða reglum.

Reglur þessar taka ekki til þeirra sem eru eldri en 67 ára. Hafi einstaklingur sem orðinn er 67 ára talist fatlaður samkvæmt lögum um málefni fatlaðra og notað akstursþjónustu fatlaðs fólks áður en hann náði þeim aldri á hann rétt á því áfram á meðan þörf krefur.

Akstursþjónusta er ekki veitt þegar um tímabundna hreyfihömlun er að ræða, s.s. vegna beinbrota og liðskiptaaðgerða. Í þeim tilvikum þar sem einstaklingar hafa eingöngu lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, eru félagslega einangraðir og hafa lítið

fjölskyldunet er heimilt að veita akstursþjónustu þótt um sé að ræða færniskerðingu sem varir skemur en í þrjá mánuði.

#### *Akstursþjónusta fyrir fötluð börn*

Forráðamenn barna geta sótt um akstur samkvæmt reglum þessum fyrir börn vegna tómsstunda, læknisferða, sjúkrahjálfunar eða til að rjúfa félagslega einangrun. Börn yngri en 6 ára skulu ávallt vera í fylgd fullorðins einstaklings þegar þau ferðast með akstursþjónustu fatlaðs fólks. Þurfi barn bílstól er það ábyrgð foreldra að útvega hann. Reglur þessar taka ekki til skólaaksturs barna í grunnskóla. Með skólaakstri er átt við allan akstur á skólatíma þ.m.t. á þeim tíma sem barn dvelst í lengdri viðveru á vegum skólans.

### **3. gr.**

#### **Skilgreiningar á ferðum, fjöldi ferða og þjónustusvæði**

Þjónustusvæði akstursþjónustunnar miðast við Húnaþing vestra. Viðmið um ferðafjölda skulu taka mið af þörfum hvers og eins en ekki fara yfir 80 ferðir á mánuði. Þegar um er að ræða ferðir vegna atvinnu eða náms skal miða við að hver og einn notandi fái eins margar ferðir og eðlilegt má telja að sú atvinna eða nám kalli á. Auk þess á einstaklingur rétt á að lágmarki tveimur ferðum þá daga sem viðkomandi sækir þjónustu á þjónustustofnanir eða aðra nauðsynlega þjónustu sem veitt er fötluðu fólki. Með þjónustustofnunum er átt við hæfingu, dagþjónustu, fullorðinsfræðslu, íþróttir og aðrar tómsstundir. Ferðir vegna afþreyingar eða tómsstunda skulu metnar í samráði við hvern og einn. Þjónustutími akstursþjónustu miðast almennt við virka daga frá kl. 7:30 til kl. 17:30. Akstur fer eftir samkomulagi um kvöld, helgar og aðra almenna frídaga.

### **4. gr.**

#### **Umsóknarferli**

Umsókn um akstursþjónustu skal berast í rafrænt í gegnum íbúagátt á heimasíðu Húnaþings vestra.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd. Í umsókn þarf að koma fram ástæða og rökstudd ósk um fjölda ferða og fyrirhugað erindi. Einnig þarf að meta aðstæður og færni umsækjanda. Með umsókn skulu fylgja öll nauðsynlegt gögn s.s. læknisvottorð eða greining á fötlun. Umsóknir eru lagðar fyrir félagsmálaráð eftir að umsókn og gögn hafa borist. Umsókn er fyrst og fremst metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningsvagna eða aðra ferðamöguleika.

Fatlað fólk sem ekki á lögheimili í sveitarfélaginu, getur sótt um akstursþjónustu og skal hún veitt ef lögheimilissveitarfélag greiðir fyrir allan kostnað vegna aksturs. Skal samþykki lögheimilissveitarfélags liggja fyrir áður en þjónusta er veitt.

Þegar notandi akstursþjónustu dvelur tímabundið utan þjónustusvæðis samkvæmt reglum þessum og óskar eftir akstursþjónustu þar sem hann er staddur, er heimilt að veita hana ef fyrirliggjandi er samþykkt um akstursþjónustu. Þá skal einnig liggja fyrir samþykki dvalarsveitarfélags um veitingu þjónustunnar. Samþykkt skal vera tímabundin, að hámarki þrjá mánuði.

### **5. gr.**

#### **Upplýsingaöflun og samvinna**

Aðstæður umsækjanda eru kannaðar svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn hefur borist. Öflun gagna og upplýsinga fer fram í samvinnu og samráði við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við persónulegan talsmann hans eða umboðsmann hans ef við á. Persónulegur

talsmaður skal leggja fram samkomulag við hinn fatlaða, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

## **6. gr. Pantanir og gjaldtaka**

Notendur panta þjónustu/akstur á skrifstofu sveitarfélagsins. Pantanir skulu að jafnaði berast sólarhring fyrir áætlaðan ferðatíma og eigi síðar en fyrir kl. 15 daginn áður. Notendur skulu veita upplýsingar fyrirfram um fastar ferðir næstu vikur eða mánuði t.d. vegna vinnu eða skólagöngu til að þjónustuaðilar geti leitað hagræðis við skipulagningu ferða. Bílstjóri tekur á móti breytingum á áætluðum ferðum s.s. vegna veikinda og forföll ber að tilkynna eins skjótt og auðið er. Gald er tekið fyrir akstursþjónustu samkvæmt gjaldskrá.

## **7. gr. Tilhögun ferða**

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá A til B innan þjónustusvæðis. Notendur skulu vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Við sérstakar aðstæður skal veita notanda aðstoð við að komast frá brottfararstað í bílinn. Ekki er beðið á meðan notandi sinnir erindi sínu. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk er sérhæfð þjónusta og þurfa notendur því að vera viðbúnir töfum eða breytingum á áætlun s.s. vegna færðar og umferðatafa á annatíma. Akstursþjónustan byggist á samnýtingu ökutækja þannig að fleiri en einn notandi ferðast að jafnaði saman. Bílstjórum er ekki heimilt að sinna sendiferðum fyrir notendur. Notandi sem ekið er til læknis er heimilt að hringja eftir akstri til baka að viðtali loknu enda hafi það ekki verið vitað fyrirfram hve viðtalið tæki langan tíma.

Veiting þjónustu er háð því að sveitarfélagið fái viðurkenndan akstursaðila til þess að veita þjónustuna sbr. 8. gr. þessara reglna. Að öðrum kosti er heimilt að semja beint við þjónustuþega um fastar greiðslur vegna aksturs en þjónustuþegi sjálfur sér þá um tilhögun og framkvæmd þjónustunnar. Við slíka samninga skal tekið mið af kílómetragjaldi Sjúkratrygginga Íslands á hverjum tíma.

## **8. gr. Öryggi og tengd atriði**

Akstursþjónusta er í höndum verktaka sem sinnir þjónustu skv. samning við Húnaþing vestra. Verktakar þurfa að vera með rekstrarleyfi til farþegaflutninga frá Samgöngustofu aki þeir eigin bifreið, en Húnaþing vestra eigi það bifreiðina.

Allur bílakostur er útbúinn samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja og er öryggisprófaður. Akstursaðili tekur á sig ábyrgð á ráðningu bifreiðastjóra og að starfsmenn séu með fullgild ökuréttindi, aukin ökuréttindi og hafi sótt skyndihjálparnámskeið. Óheimilt er að ráða starfsmann til akstursþjónustu sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII., XXIII. eða XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum. Hafi umsækjandi gerst sekur um brot á ákvæðum annarra laga skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna starfi sem bifreiðastjóri. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð og heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

## **9. gr. Annars konar akstursþjónusta**

Akstursþjónusta samkvæmt reglum sveitarfélagsins getur einnig tekið til þess fyrirkomulags að starfsfólk aki bifreið sinni í þágu fatlaðs einstaklings sem hluti af stuðningsþjónustu.

Einstaklingsbundna samninga um slíkt fyrirkomulag skal gera milli notanda, starfsmanns og sveitarfélags þar sem kveðið er á um greiðslu kostnaðar. Í samningi skal jafnframt koma fram

hvaða tryggingavernd sé til staðar fyrir hagsmuni notanda og starfsmanns. Einnig hvernig farið skuli með tjonstilvik, greiðslu sjálfsábyrgðar og annað slíkt.

### **10. gr. Varðveisla gagna, trúnaðar og aðgangur að gögnum**

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum. Ökumenn og aðrir starfsmenn akstursþjónustu fatlaðs fólks skulu skrifa undir yfirlýsingu um trúnað. Trúnaðarskylda helst þó að látið sé af starfi.

### **11. gr. Málskotsréttur**

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum getur hann skotið afgreiðslu fjölskyldusviðs til félagsmálaráðs Húnaþings vestra og skal það gert skriflega innan 4 vikna frá því að umsækjanda berst vitneskja um synjun. Félagsmálaráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Umsækjandi getur skotið ákvörðun Félagsmálaráðs til Úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert inna þriggja mánaða frá því að tilkynning barst um ákvörðunina.

*Samþykkt á 285. fundi félagsmálaráðs þann 30. október 2024.*

*Samþykkt á 385. fundi sveitarstjórnar þann 14. nóvember 2024.*